

Samkvæmt þessu verður engin af aðfinslum áfrýjanda við kröfu stefnda talin á rökum byggð, og verður þá, eins og undirdómurinn hefir gjört, að dæma hann til að greiða alla hina umstefndu skuld kr. 366,02. Það ber því að staðfesta bæjarþingsdóminn í heild sinni einnig málskostnaðarákvæði hans. Í málskostnað fyrir yfirdómi ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða stefnda 30 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður. Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandinn, Þórður J. Thoroddsen læknir, stefnda Sveini Björnssyni yfirdómsmálaflutningsmanni fyrir hönd firmans Thor E. Tulinius & Co. 30 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 17. dag júlímán.

Nr. 15/1911: Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar  
 gegn  
 Thor Jensen og Eggert Claessen  
 f. h. P. J. Thorsteinsson & Co.

D ó m u r :

Við aukaniðurjöfnun á Akureyri sumarið 1909 var jafnað á Hrómund Jósefsson skipstjóra á sildveiðaskipinu

»Valur« fyrir hönd útgerðarmanna skipsins, hlutafélagsins »Valur«, 125 kr. aukaútsvari til bæjarsjóðs kaupstaðarins. Útsvar þetta krafðist bæjarstjórn Akureyrar, að bæjarfógetinn í Reykjavík tæki lögtaki hjá nefndum gjaldanda, en með úrskurði uppkeðnum 2. nóv. f. á. neitaði fógetinn að taka þá kröfu til greina. Þessum úrskurði hefir bæjarstjórnin, að fengnu gjafsóknarleyfi og skipuðum talsmanni, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 8 apríl þ. á. en snúið málskotinu á hendur stjórnendum hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. sem varnaraðila, þeim Thor Jensen framkvæmdarstjóra og Eggert Claessen yfirréttarmálaflutningsmanni fyrir hönd félagsins, og er þess krafist fyrir hönd áfryjanda, að hinn áfryjaði úrskurður verði feldur úr gildi, að fógetinn verði skyldaður til að framkvæma lögtakið og að stefndu verði dæmdir til að greiða málskostnað eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Hinir stefndu krefjast þess, að málinu verði vísað frá yfirdóminum, fyrst og fremst fyrir þá sök, að áfryjunarfresturinn, sem ákveðinn er í 11. gr. laga 16. des. 1885 um lögtak og fjárnám á undanfarins dóms eða sáttar, hafi verið liðinn, þegar áfryjunarstefnan var tekin út. En þessi ákvörðun um sérstakan áfryjunarfrest, þegar lögtaki er áfryjað eftir framkomin mótmæli, á eftir orðum greinarinnar eigi við þegar svo stendur á sem hér, að lögtaksneitun er áfryjað af lögtaksbeiðanda, og þar sem hinn reglulegi áfryjunarfrestur var eigi liðinn, þegar áfryjunarstefnan var tekin út, verður málinu eigi frávísað fyrir þessar sakir.

En stefndu telja ennfremur þá ástæðu fyrir frávisunarkröfunni, að þeir hafi eigi verið aðilar í málinu fyrir

undirrétti, og sé málið sér því óviðkomandi. Svo sem áður segir, var umrætt útsvar eigi lagt á stefndu og lög-taks á því hjá þeim var ekki krafist fyrir fógetaréttinum, svo að fógetinn hefir eigi og gat eigi úrskurðað neitt um það, hvort stefndu bæri að greiða útsvarið eða ekki. En hins vegar hefir áfrýjandi eigi fyrir yfirdóminum gjört neina tilraun til að sýna fram á, að stefndu séu komnir í stað h/f »Valur« að því er útsvar þetta snertir eða réttlæta á annan hátt, að kröfunni er nú beint á hendur þeim. Það er þannig í máli þessu leitað úrskurðar yfirdómsins um annað ágreiningsefni en það, er lagt var fyrir undirréttinn til úrlausnar, og ber því að taka til greina kröfu stefndu um frávisun málsins frá yfirdóminum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndu málskostnað, sem ákveðst 20 krónur.

Með því að gjafsóknarleyfið og talsmannsskipunin hljóðar um áfrýjun á úrskurði í útsvarsmáli við Hrómund Jósefsson skipstjóra á gufuskipinu »Valur«, en mál þetta er fyrir yfirdóminum sótt á hendur stefndu, verða hinum skipaða talsmanni ekki dæmd nein málf lutningslaun.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandi bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar greiði stefndu Thor Jensen og Eggert Claessen fyrir hönd h/f P. J. Thorsteinsson & Co. 20 krónur í málskostnað innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri lagaaðför.